

Fundargerð
18. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 26. ágúst 2019, kl. 12:00

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Líf Magneudóttir, Reykjavík.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ.

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri SORPU bs. og Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Endurskoðuð fjárfestingaráætlun SORPU bs.

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- 1) 2.0 *Fjárfestingar_2019_2023 breyting – merkt drög*
- 2) 2.5 *Minnisblað fjármálastjóra SSH vegna fjárfestinga Sorpu bs_2019-08-15*
- 3) 2.1 *Greinargerð vegna breytinga á fjárfestingaráætlun SORPU bs merkt drög*

Á fundi stjórnar SORPU bs. 16. ágúst 2019 var lögð fram ný fjárfestingaráætlun SORPU bs., ásamt greinargerð vegna breytinga á áætluðum kostnaði við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar sem og tækjakaup í móttökustöðina í Gufunesi. Jafnframt var lagt fram minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaganna um þá tillögu sem liggur fyrir um fjármögnun og breytingu á lánum. Bókun stjórnar var sem hér segir:

1) “ Endurskoðuð fjárfestingaráætlun

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að endurskoðaðri fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun fyrir árið 2019-2023. **Málinu vísað til eigendavettvangs.**“

Formaður stjórnar SORPU bs. kynnti aðdraganda málsins. Framkvæmdastjóri SORPU bs. fer yfir málið. Vísað er til draga að greinagerð framkvæmdastjóra og til minnisblaðs fjármálastjóra sveitarfélaganna til eigendafulltrúa SORPU bs. vegna fjárfestinga SORPU bs. í gas- og jarðgerðarstöð, en þar kemur m.a eftirfarandi fram:

SORPA bs. vinnur nú að byggingu nýrrar gas- og jarðferðarstöðvar fyrir starfsemi félagsins sem verið hefur í undirbúningi um árabíl. Á síðstu vikum hefur komið í ljós að kostnaður vegna fjárfestingarinnar verður umtalsvert hærrí en kemur fram í samþykktri áætlun og gert ráð fyrir að útgjöld verði um 4.247m.kr. sem er 637 m.kr. umfram áætlun. Þar af eru um 452 m.kr. í viðbótarverk og 186 m.kr. í verðbætur. Þess til viðbótar þarf að taka tillit til tækjabúnaðar í móttökustöðina í Gufunesi, sem er forsenda þess að unnt verði að taka gas- og jarðgerðastöðina í notkun. Gert er ráð fyrir að fjárfesting í þeim búnaði nemi um 719 m.kr. Samtals nema frávik frá samþykktri áætlun vegna gas- og jarðgerðarstöðvar 1.356 m.kr. þegar meðtalin er fjárförf fyrir tækjabúnað í móttökustöð.

Lögð er fram í minnisblaðinu endurskoðuð fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun með tillögum um aðgerðir. Tillagan gerir ráð fyrir að fjárfestingar aukist samtals um 1.148 m.kr. á árinu 2019 sem yrði annars vegar fjármagnað með auknum lántökum um 990 m.kr. en auk þess er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 149 m.kr. hærra en áætlað var vegna breytinga á skammtímalíðum. Fjármögnun verður með þeim hætti að framlengja í lánum Íslandsbanka úr 6 árum í 15 ár en með því lækkar greiðslubyrði félagsins ár hvert um ca. 100 m.kr. og hins vegar að leitað verði til Lánasjóðs Sveitarfélaga vegna töku á nýju láni til 15 ára, að upphæð 990 m.kr. Þá einnig framlengingu á núverandi lánalínu til tveggja ára að fjárhæð 500 m.kr.

Séu áhrifin á fjárhagsáætlun tímabilsins 2019–2023 skoðuð eru þau með þeim hætti að fjárfestingahreyfingar hækka um 1.235 m.kr. og fjármögnunarahreyfingar um 1.272 m.kr.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendavettvangur óskar eftir frekari upplýsingum og viðbrögðum frá stjórn SORPU bs. vegna málsins og verður málið tekið aftur fyrir á eigendafundi sem fyrirhugaður er 2. september n.k

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:30.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.